Sigurður Jónasson:

# Starfsskýrsla 1948

Skógarvörðurinn í Skagafirði.

Starfsskýrsla

um vinnu Sigurðar Jónassonar á vegum Skógræktar Ríkisins árið 1946.

Girðingar. Viðhald girðinga var með meira móti. Ljótsstaðagirðingin spiltist all mikið af völdum snjóflóðs, er féll á hana í febrúarmánuði og lagði hana flata að mestu leyti. En girðingin var sett upp aftur í apríl og varð að bæta í hana nokkru af girðingarefni.

Reykjarhólsgirðingin hafði orðið fyrir nokkrum skemmdum af völdum snjóa, einnig Reynistaðagirðingin en viðhald á henni annast bóndinn á Reynistað.

Á Vagla- Brimnes- og Svaðastaðagirðingu urðu ekki neinar bilanir, sem teljandi eru.

1 ný girðing var sett upp á árinu hjá Brodda Jóhannessyni, Sumarhúsum. Girðingin er 6 þætt og 600 m. löng.

I Viðvík í Viðvíkursveit var sett upp skógræktargirðing, 400 m. á lengd, 6 þætt. Ábúandi jarðarinnar, Sverrir Björnsson, kostaði girðinguna að öllu leyti.

Á Hellulandi var girt af hólf í túninu og ætlað til skógræktar.

Vegna tilfinnanlegs skorts á girðingarefni hefur ekki verið sett upp meira af skógræktargirðingum á þessu ári.

Græðireiturinn. I vor var afgreitt úr græðireitnum í Varmahlíð 7124 birkiplöntur. Auk þess var flutt frá Vöglum 2200 birkiplöntur, sem gróðursettar voru í Reykjarhólsgirðingu.

Af Varmahlíðarplöntunum var gróðursett 500 st. í Reykjarhólsgirðingu, hitt var selt, mest í Skagafjarðarsýslu.

Sáð var birkifræi (úr Bæjarstaðaskógi) í fræbeð á lóðinni við skógarvarðarbústaðinn, Laugarbrekku. Beðin eru um 100 fermetrar. Sáningin heppnaðist vel og döfnuðu plönturnar ágætlega í sumar.

Vorið var með afbrigðum kalt og stormasamt, og næturfrost til fram um 20. júní. Urðu því mjög litlar framfarir í plöntum á öðru ári, þó náðu þær nokkrum þroska þegar á sumarið leið.

Svo þurrviðrasamt var hér í sumar, að naumast leið svo nokkur dagur að ekki þyrfti að vökva í fræbeðum.

Nokkuð bar á ryðsvepp ~~aap~~ í græðireitnum en þó náði hann ekki verulegri útbreiðslu, enda var dælt Bordeauxdufti á plönturnar öðru hvoru.

Áburður. Í nýju beðin var borinn húsdýraáburður, mest sauðatað, auk þess venjulegur skammtur af tilbúnum áburði. Eldri plöntum var gefin aukaskammtur af tilbúnum áburði.

Sáð í útjörð. Á Svaðastöðum var sáð í 200 fermetra, Brimnesi 300 ferm. Á Blöndudalshólum var sáð í lítið beð heima við bæinn.

Ferðalög. Á árinu hafði ég allmikil ferðalög. Plönturnar, sem ég seldi úr græðireitnum, flutti ég oftast sjálfur til kaupendanna og aðstoðaði við gróðursetningu. Hafði ég venjulega það fyrirkomulag, að flytja plönturnar í mold, og voru þær jafnan gróðursettar samdægurs og þær voru teknar upp.

Eftirlitsferðir fór ég allmargar, bæði vegna viðhalds girðinga,

skipulagning skrúðgarða og einnig að velja land til skógræktar, mæla fyrir girðingum og leiðbeina með trjárækt.

7/4 fór ég til Reykjavíkur til fundar við Skógræktarstjóra.

29/4 fór ég að Ljótsstöðum í Unadal, til að gera ráðstafanir með viðgerð á skógræktargirðingu, sem fallið hafði að mestu leyti af völdum snjóflóðs. Á leiðinni kom ég m. a. við á Hofi á Höfðaströnd og Garði í Hegranesi. Á Hofi athugaði ég skógræktargirðinguna en í Garði leit eftir landi til skógræktar.

30/4 Valdi ég land til skógræktar á Ingveldarstöðum og Viðvík. Í ~~Ingve~~ Viðvík mældi ég fyrir girðingu og var hún sett upp skömmu síðar. Á Kálfsstöðum gerði ég athuganir um fyrirkomulag á skrúðgarði heima við bæinn, og ~~leiðbeindi við~~ leit eftir sáningu í Brimnesgirðingu.

Til Siglufjarðar fór ég 5. maí og vann ég þar nokkra daga á vegum Skógræktarfélags Siglfirðinga. M. a. undirbjó ég græðireit, valdi land til skógræktar í Skarðdalskoti fyrir Skógræktarfélagið, einnig valdi ég land til skógræktar fyrir Vestfirðingafélagið, í sunnan verðum Hólsás.

20. maí sáði ég birkifræi í beð á Blöndudalshólum.

21. maí sáði ég birkifræi í Brimnesgirðingu.

23-25. maí flutti ég trjáplöntur í Húnavatnssýslu, voru það með plöntur frá Vöglum, sem sendar voru til mín og mér falið að koma þeim til skila.

27/5 maí flutti ég 1000 birkiplöntur að Reynistað og hjálpaði til við gróðursetningu.

4. júní flutti ég 1000 plöntur að Hellulandi og leiðbeindi þar við gróðursetningu. Plönturnar voru gróðursettar í afgirtu hólfi í túninu.

7. Juni flutti eg 1ooo plöntur ad Vidvík og var par vid gródur-setningu. Voru plönturnar settar i nýgirt hólf austan vid túnfótinn.

13-23. Juni flutti eg plöntur og gródursetti á eftir töldum stödum. Vöglum, Svadastödum, Kálfsstödum, Bjarnastadahlid og Saudarkróki.

Vestur i Húnavatnssýslu fór eg 25. juni og dældi par á tré á nokkrum stödum.

27. Juni fór eg austur ad Hallormsstad og sat par adalfund Skógræktar-félags Islands.

4. Juli flutti eg 1ooo plöntur til Skagastrandar.

10. Juli flutti eg girdingarefni ad Sumarhúsum, sumarbústad dr. Brodda Jóhannessonar. Fékk hann efni hjá Skógrækt Ríkisins í 550 m. langa girdingu, en sjálfur kostadi hann uppsetningu á girdingunni.

15. Juli fór ég eftirlitsferd um Sléttuhlid og í Hrolleifsdalsskóg. Skógurinn var fridadur fyrir nokkrum árum og hefur hann sýnilega vaxid dálitid sídan. Annars er hann yfirleitt mjög kræklóttur og lágvaxinn, enda eru parna fannalög mikil og liggja langt fram á vor.

Hæstu trén eru nú 2,80m.

Ungmennafélagid í Sléttuhlid hefur annast vidhald á girdingunni, en mjög skortir á, ad pad sé fullnægjandi. Girdingin parf mikilla umbóta vid á næsta vori,, svo ad hún komi ad tilætludum notum. En vegna fjár-skorts og annara erfidleika telur Ungmennafélagid sér ekki fært ad annast vidhald á girdingunni eftirleidis.

18.-25. júli fór ég á nokkra bæi í Akra- Vidvíkur- og Lýtingsstada-hreppi í Skagafirdi, og Hlídarhreppi í Húnavatnssýslu, til ad líta eftir

trjágródri, dæla á tré og athuga skilyrdi til skógræktar.

1. Okt. fór eg ad Blöndudalshólum, til ad búa þar um fræbed fyrir veturinn.

24. okt. fór eg út í Hrolleifsdal og safnadi þar birkifræi fyrir Skógrækt Ríkisins.

Laugarbrekku, 18. nóv. 1948.

Sigurdur Jónasson